



Námsáætlun

ÍSLE3sn05 miðönn 2020

Kennari: Aðalheiður Þorsteinsdóttir og Kári Viðarsson

Markmið:

Þekking: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á mismunandi tegundum og stefnum bókmennta og tileinkað sér þann orðaforða sem til þarf.

Leikni: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að lesa allar gerðir ritaðs máls sér til gagns og gamans. Nemandi skal hafa á valdi sínu lykilhugtök og geta greint mismunandi sjónarmið. Jafnframt skal hann öðlast leikni í því að tjá sig um efni áfangans munnlega.

Hæfni: Nemandi skal geta nýtt þekkingu sína og leikni til að beita málinu á árangursríkan og viðeigandi hátt í ræðu og riti sem er metið með verkefnum og prófum. Hann skal einnig geta nýtt þekkingu sína til að draga saman aðalatriði, beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta sem er metið með verkefnum, prófum og munnlegri framsögn.

Kennslugögn:

Frá lærdómsöld til raunsæis eftir Heimi Pálsson (bókmenntasaga).

Sýnisbók íslenskra bókmennta 1550-1900 eftir Kristján Eiríksson.

Norðurljós, skáldsaga eftir Einar Kárason.

Upp við fossa, skáldsaga eftir Þorgils gjallandi.

Kennsluefni í bragfræði á Innu. Einnig verða önnur kennslugögn frá kennurum á Innu.

Vika	Yfirferð	Próf / verkefni	
1. 16.-20. nóv.	Kynning á áfanga. Lærdómsöld 1550-1770. Bókmenntasaga bls.11-81. Farið yfir stefnur og strauma tímabilsins. Valdir textar úr <i>Sýnisbók</i> lesnir og rýndir. Leslisti er á Innu. Heimalestur: <i>Norðurljós</i> eftir Einar Kárason	Verkefnavinna.	
2. 23.-27. nóv.	Áfram unnið með lærdómsöld, bókmenntasögu og textarýni. Heimalestur: <i>Norðurljós</i> eftir Einar Kárason.	Verkefnavinna og textarýni. Hópverkefni úr lærdómsöld (3%).	Úrsagnareindagi: 27. nóvember.
3. 30. nóv-4. des.	Fjallað um <i>Norðurljós</i> .	Tímaverkefni úr lærdómsöld (10%)	



4. 7.-11. des.	Upplýsingaröld 1770-1820. Bókmenntasaga bls. 85-115. Farið yfir strauma og stefnur tímabilsins. Valdir textar úr <i>Sýnisbók</i> lesnir og rýndir. Leslisti er á Innu. Allir textar á honum eru til prófs.	Verkefnavinna og textarýni. Tímaverkefni úr <i>Norðurljósum</i> (8%).	
5. 14.-18. des.	Lokið við upplýsingaröld 1770-1820.	Verkefnavinna og textarýni. Próf úr upplýsingaröld (10%).	Námsmatsdagur 17. og 18. desember. Miðannamat.
Jólafrí			
6. 4.-8. jan.	Rómantík 1820-1880. Bókmenntasaga bls. 119-158. Farið yfir strauma og stefnur, unnið með texta í <i>Sýnisbók</i> . Leslisti er á Innu, allir textar á honum eru til lokaprófs. Hugtök í bragfræði rifjuð upp.	Verkefnavinna og textarýni.	
7. 11.-15. jan	Áfram unnið með rómantík. Textar og bragfræði.	Verkefnavinna og textarýni. Tímaverkefni í bragfræði (5%).	
8. 18.-22. jan	Lokið við rómantík	Ritgerð úr rómantík skilað (15%).	Námsmatsdagur 20. janúar.
9. 25.-28. jan.	Raunsæi 1880-1900. Bókmenntasaga bls. 158-172. Farið yfir strauma og stefnur, unnið með texta í <i>Sýnisbók</i> . Leslisti er á Innu, allir textar á honum eru til lokaprófs. Heimalestur: <i>Upp við fossa</i> eftir Þorgils gjallanda.	Verkefnavinna og textarýni.	Imbra 27.-28. janúar. Frí 29. janúar.
10. 1.-5. feb	Áfram unnið með raunsæi 1880-1900. Heimalestur: <i>Upp við fossa</i> eftir Þorgils gjallanda.	Verkefnavinna og textarýni.	
11. 8.-11. feb.	Lokið við raunsæi. <i>Upp við fossa</i> tekin til umfjöllunar. Heimalestur: <i>Upp við fossa</i> eftir Þorgils gjallanda.	Verkefnavinna og textarýni. Verkefni úr raunsæi (4%).	

Lokapróf 12. og 15. febrúar, sjúkrapróf 16. febrúar.

Námsmat:

Tímaverkefni úr lærdómsöld	10%
Hópverkefni, lærdómsöld	3%
<i>Norðurljós</i> , tímaverkefni	8%
Próf úr upplýsingarstefnu	10%
Ritgerð um rómantísku stefnuna	15%
Verkefni úr bragfræði	5%
Verkefni úr raunsæi	4%
Ástundun	5%

Lokapróf (rómantík, raunsæi, bragfræði og *Upp við fossa*) 40%

Til að nemandi standist áfangann þarf hann að fá 4,5 á lokaprófi og 5,0 í lokaeinkunn.



Töluvert af námsmati fer fram á önninni og því er brýnt að nemendur mæti vel, vinni verkefni jafnóðum og fylgist vel með framvindu námsins í kennsluáætlun og á Innu.

Sjúkrapróf og námsmatsdagar: Á önninni er boðið upp á sjúkrapróf og er reglan sú að próf fer fram næsta námsmatsdag eftir annarpróf.

Með góðri ósk um öfluga samvinnu og góðan árangur.

Aðalheiður og Kári.